



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



VÍNAR- TÓNLEIKAR

9., 10. & 11. JANÚAR
2020

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir af RÚV og verða sendir út síðar á rás 1.

Lengd tónleikanna er um það bil 2 klukkustundir með hléi.

Tónlistarflutningur í Hörpuhorni fyrir tónleika og í hléi:
Kjartan Valdemarsson og Matti Kallio.

Í tilefni Vínartónleikanna er selt svalandi freyðivín á börum í hléi.

Blómaskreytingar: Dans á rósum / Ragnhildur Fjeldsted.

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra's website: en.sinfonia.is

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube-
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar.



[@icelandsymphony](https://www.instagram.com/icelandsymphony) / [#sinfó](https://www.facebook.com/sinfonia)

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

VÍNAR- TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Jóna G. Kolbrúnardóttir
einsöngvari

Garðar Thór Cortes
einsöngvari

Dansarar

Porkell Jónsson
Denise Margrét Yaghi
Gylfi Már Hrafnsson
María Tinna Hauksdóttir
Guðjón Erik Óskarsson
Eva Karen Ólafsdóttir

EFNISSKRÁ

Johann Strauss yngri
Die Fledermaus (Leðurblakan)
forleikur

Unter Donner und Blitz
hraður polki

Franz Lehár
Meine Lippen sie küssen so heiss
aría úr óperettunni Giuditta

Dein ist mein ganzes Herz
aría úr óperettunni Das Land des Lächelns

Mélanie Helène Bonis
Les Gitanos: Valse espagnole
úts. Adolphe Gauwin

Carl Zeller
Schenkt man sich Rosen in Tirol
dúett úr óperettunni Der Vogelhändler

Johann Strauss yngri
Kaiserwalzer (Keisaravalsinn)

Hlé
Pjotr Tsjajkovskíj
Vals
úr óperunni Jevgeníj Onegín

Rudolf Siczzyński
Wien du Stadt meiner Träume
Vínarljóð

Nico Dostal
Spiel mir das Lied von Glück und Treu'
aría úr óperettunni Die ungarische Hochzeit

Amy Beach
Bal masqué

Johann Strauss yngri
Wer uns getraut
Dúett úr óperettunni Der Zigeunerbaron

Johann Strauss yngri
An der schönen blauen Donau (Dónárvalsinn)



BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímann Bjarnason stjórnar nú í fyrsta sinn Vínar-
tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann var ráðinn
aðstoðarhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar haustið 2018 og
hefur stýrt henni við ýmis tækifæri.

Bjarni Frímann stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur
og Guðnýju Guðmundsdóttur og lauk prófi í víóluleik frá
Listaháskóla Íslands. Árið 2009 bar hann sigur úr bítum í
einleikarakeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar
Íslands og lék í framhaldinu víólukonsert Bartóks með sveitinni
á tónleikum. Síðan stundaði hann nám í hljómsveitarstjórn
undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Hanns Eisler-tónlistar-
háskólann í Berlín. Bjarni hefur komið fram víðsvegar um
Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann hefur
stjórnað mörgum af fremstu hljómsveitum á Íslandi, meðal
annars Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur,
CAPUT og Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Þá hefur hann
samið tónlist fyrir leikhús og kvikmyndir bæði hérlendis og
erlendis. Bjarni Frímann hefur seinni ár komið víða fram sem
píanóleikari með söngvurum og sem kammertónlistarmaður
m.a. í Berlínarfilharmóníunni og Konzerthaus í Vínarborg.
Skemmst er að minnast meðleiks hans á einsöngstónleikum
rússneska barítónsöngvarans Andreis Zhilikhovsky í Norður-
ljósasal Hörpu á liðnu hausti þar sem Bjarni fór á kostum.

Árið 2012 vann Bjarni Frímann fyrstu verðlaun í Hanns Eisler
keppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir
Viktor Orra Árnason. Hann var útnefndur Bjartasta vonin á
Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Sama ár stjórnaði hann
flutningi á óperunni *UR* eftir Önnu Þorvaldsdóttur við óperuna
í Ósló, í Chur og Basel og á Listahátíð í Reykjavík. Árið 2016–
2017 stjórnaði Bjarni Frímann hljómsveitartónleikum með
Björk Guðmundsdóttur í Mexíkóborg, Fílharmóníunni í Los
Angeles og í Hörpu. Hann tók við stöðu tónlistarstjóra Íslensku
óperunnar í janúar 2018 og hefur stjórnað uppfærslum hennar á
Toscu, *Hans og Grétu*, *La traviata* og nú síðast *Brúðkaupi Figarós*
í Þjóðleikhúsinu.



JÓNA G. KOLBRÚNARDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Sópransöngkonan Jóna G. Kolbrúnardóttir er fædd og uppalin í Reykjavík. Hún hóf söngferil sinn ung að árum og hefur sungið í ýmsum kórum bæði sem meðlimur og einsöngvari. Jóna lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 2014 undir leiðsögn Hörpu Harðardóttur. Haustið 2014 hélt hún til framhaldsnáms við Tónlistarháskólann í Vínarborg þar sem hún lauk bakkalárgráðu undir leiðsögn Univ. Prof. Gabriele Lechner sumarið 2018. Jóna hefur tekið þátt í ýmsum meistaranámskeiðum m.a. hjá Anne Sofie von Otter, Christine Schäfer, Stephan Matthias Lademann og Regine Werner.

Jóna kom fram sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikunum Ungir einleikarar í janúar 2017. Frá árinu 2016 hefur hún komið fram á tónleikum í tónleikaröðinni *Pearls of Icelandic Songs*.

Jóna hlaut styrk úr Tónlistarsjóði Rótarý á Íslandi í janúar 2018 og söng við styrkafhendinguna í Norðurljóssal Hörpu. Í nóvember 2018 þreytti hún frumraun sína hjá Íslensku Óperunni þar sem hún fór með hlutverk Grétu í óperunni *Hans og Gréta* í Hörpu. Jóna var einsöngvari á tónleikunum *Íslendingasögur - Sinfónísk sagnaskemmtun* sem haldnir voru í Eldborg á fullveldishátíð Íslands 1. desember 2018 þar sem hún kom fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og öðrum listamönnum. Hún stundar nú meistaranám við Óperuakademíu Konunglegu óperunnar í Kaupmannahöfn undir handleiðslu Helene Gjerris.



GARÐAR THÓR CORTES


EINSÖNGVARI

Tenórsöngvarinn Gardar Thór Cortes hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur árið 1993 og útskrifaðist þaðan fjórum árum síðar. Eftir það stundaði hann nám við Tónlistarháskólann í Vínarborg, sótti einkatíma hjá André Orlowitz í Kaupmannahöfn og nam við óperudeild Konunglega tónlistarháskólans í Lundúnum.

Gardar Thór hefur komið víða fram og haldið einsöngstónleika, sungið í söngleikjum, óratórium og óperum hér heima, víðsvegar í Evrópu og í Bandaríkjunum. Gardar hefur sungið á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með sópransöngkonunni Kiri Te Kanawa. Hann kom fram á lokatónleikum Proms-tónlistarhátíðarinnar í London og söng þar fyrir tugþúsundir. Meðal óperuhlutverka sem Gardar Thór hefur sungið eru Ferrando í *Così fan tutte*, Fenton í *Falstaff*, Alfredo í *La Traviata*, Rinuccio í *Gianni Schicchi*, ítalskur söngvari í *Der Rosenkavalier*, Vakula í *Cherevichki*, Chanfalla í *Das Wundertheater*, Rodolfo í *La Bohème*, Hertoginn í *Rigoletto* og Alberto í *L'occasione fa il ladro*. Hann söng hlutverk Don Ramiro í *Öskubusku* árið 2006 og hlutverk Nemorino í *Ástardrykknum* árið 2009 hjá Íslensku óperunni. Haustið 2011 tók hann þátt í 25 ára afmælisýningu *The Phantom of the Opera* í Royal Albert Hall sem var send beint út í bíóhúsum um allan heim.

Gardar Thór hefur sungið í þremur uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu: Tamino í *Töfraflautunni*, Rodolfo í *La Bohème* og Don José í *Carmen*. Undanfarin ár hefur hann mikið til starfað erlendis og komið fram á tónleikum sem og söngleikja- og óperuuppfærslum víða í Evrópu og Bandaríkjunum.





Johann Strauss

VÍNARTÓNLISTIN Í ÁR

Í ár fagnar Sinfóníuhljómsveit Íslands sjötíu ára starfsafmæli sínu og um leið fjörutíu ára óslitinni hefð Vínartónleika sem hafa verið árlegur viðburður í starfsemi hljómsveitarinnar síðan 1981. Hafa þeir um langa hríð verið langvinsælustu og fjlsóttustu tónleikar sinfóníuhljómsveitar allra landsmanna.

Líkt og á tónleikunum árið 1981 gefur forleikurinn að **Leðurblökunni**, óperettu Johannis Strauss (1825–1899), upptaktinn. Eins og verkið allt er forleikurinn listilega saman settur enda er *Die Fledermaus* eitt allra vinsælasta verk sinnar tegundar og er óperettan undantekningalaust á fjöllum beggja stóru óperuhúsanna í Víðnarborg í kringum áramót. Það var höfundurinn sjálfur sem stjórnaði frumflutningi verksins í Theater an der Wien í apríl árið 1874.

Af hartnær 500 verkum Johannis Strauss yngri eru hátt á annað hundrað polkar. Helstu gerðir þeirra eru polka française sem er hægur, polka schnell – hraður polki og polka mazurka sem er í þrískiptum takti og frekar rólegur. Hraði polkinn **Unter Donner und Blitz** eða Þrumur og eldingar er einn vinsælasti polki valsakónsins.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands lék forleikinn að Leðurblökunni í fyrsta sinn á tónleikum í Þjóðleikhúsinu í júníbyrjun á stofnári hljómsveitarinnar 1950 og leikur hann nú í 59. sinn á tónleikum. 17. júní 1952 var óperettan frumsýnd í Þjóðleikhúsinu og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október. Á annan í jöllum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og urðu sýningarnar samtals 50 talsins. Íslenska óperan flutti Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

Síðasta óperetta Franz Léhárs var *Giuditta* sem var frumflutt í Alþýðuóperunni (Volksoper) í Víðnarborg í ársbyrjun 1934. Tónskáldið lagði mikið í þetta verk og hugðist með því sameina óperu- og óperettuformið. Verkinu var strax í byrjun frekar fálega tekið og hefur enn ekki tekist að vinna hug tónlistarunnenda. Nokkrar aríur úr *Giuditta* lifa þó góðu lífi og á það ekki síst við sópranaríuna **Meine Lippen sie küssen so heiss**.

Óperettan *Brosandi land* (Land des Lächelns) sem frumsýnd var árið 1923 gerist í Vín og Beijing og fjallar um vonlaust ástarsamband ofdekrudu Víðnarstúlkunnar Lísu og kínverska prinsins Sous-Chong. Í aríunni **Dein ist mein ganzes Herz** (Ást mína átt þú ein) tjáir prinsinn Lísu ást sína en lagið er ein frægasta tenóraría allra tíma.

Lífshlaup Mélanie Bonis (1858–1937) var um margt reyfara-kennt. Tónlistarhæfileikar hennar komu snemma í ljós og sextán ára gömul kynntist hún hinu fræga tónskáldi César Franck og fyrir hans atbeina lá leiðin inn í Konservatóríið í París þar sem hún nam meðleik, hljómfærði og tónsmíðar en meðal skólabræðra hennar þar var Claude Debussy. Í skólanum kynntist hún Amédée Landély Hettich, ungum söngvara, rithöfundu og tónlistargagnrýnanda. Þau felldu hugi



Mélanie Bonis

saman en foreldrar hennar neituðu henni um að giftast inn í „hættulegan listaheim“ og neyddu hana til að hætta námi í skólanum. Nokkrum árum síðar var hún látin kvænast efnuðum ekkjumanni sem var 25 árum eldri en hún og var faðir fimm drengja sem fylgdu honum inn í sambúðina. Mélanie, sem var mjög trúuð kona, tók hið nýja verkefni alvarlega, fæddi manni sínum þrjú börn og rak stóra fjölskyldu og tólf manna þjónustulið af mikilli samviskusemi. En stóra ástin hennar var Hettich. Hann gat henni dóttur, Madeleine, sem hún fæddi á laun á heilsuhæli í Sviss. Stúlkan var alin upp af fósturmóður en Mélanie fylgdist með uppeldi hennar úr fjarlægð. Fóstran lést þegar Madeleine var fimmtán ára gömul og tók Mélanie hana þá að sér sem munaðarlaust fórnarlamb stríðsins og kynnti hana sem guðdóttur sína. Það var ekki fyrr en Madeleine og Édouard hálfbróðir hennar urðu ástfangin, að Mélanie neyddist til að ljóstra upp sannleikanum.

Í þessari miklu hringiðu einkalífsins tókst Mélanie Bonis þó að hasla sér völl sem tónskáld, vinna til verðlauna, sinna ritarastörfum í samtökum tónskálda og semja í kringum 100 tónverk af ýmsum toga. Þar á meðal er *Valse espagnole* eða *Spænskur vals* sem var upphaflega saminn fyrir píanó en vegna mikilla vinsælda fljótlega útsettur fyrir fjórhent píanó og stuttu síðar færður í hljómsveitarbúninginn sem hljómar á tónleikunum.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tónlistarfélagið í Reykjavík sviðsetti óperettuna Brosandi land eftir Franz Lehár árið 1940 og var hún í þriggja sýnd fyrir fullu húsi hrifinna áheyrenda. Hljómsveitarstjóri var Victor Urbancic en leikstjóri Haraldur Björnsson. Þjóðleikhúsið tók svo verkið til sýningar vorið 1968 og urðu sýningarnar þrettán talsins. Flutningnum stjórnaði Bohdan Wodiczko sem þá var aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands en Sven Åge Larsen leikstýrði og Lárus Ingólfsson gerði leikmyndina. Með aðalhlutverkin fóru Stína-Britta Melander og Ólafur Þ. Jónsson. Í öðrum hlutverkum voru m.a. Eygló Viktorsdóttir, Hjálmar Kjartansson, Sunna Borg, Arnar Jónsson og Valur Gíslason.

Carl Zeller (1842–1898) samdi nokkrar óperettur og önnur verk en óperettan *Der Vogelhändler*, sem var frumsýnd í Theater an der Wien árið 1891, hefur ein og sér haldið nafni hans á lofti. *Fuglasalinn* er gamansamur söngleikur sem gerist í Rínarlöndum á 18. öld. Aðalpersónurnar eru myndarlegi fuglasalinn Adam frá Tírol í Austurríki og póstafrgreiðslumærin Christel. Í laginu *Schenkt man sich Rosen in Tirol* syngja þau um ást sína og táknræna þýðingu rauðu rósanna.

Johann Strauss yngri samdi *Kaiserwalzer* op. 437 árið 1888. Hann var saminn í tilefni heimsóknar Franz Josefs I Austurríkiskeisara til Wilhelms II Þýskalandskeisara 1889. Valsinn hét upphaflega *Hand in Hand (Hönd í hönd)* en Fritz Simrock útgefandi Strauss fékk hann til að breyta titlinum í *Kaiserwalzer* sem var diplómískt útspil og skírskotar til beggja þjóðhöfðingjanna. Valsasyrpan er líka vissulega tignarleg og með því fegursta sem draup úr fjöður valsakóningsins.

Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) var afbragðs óperutónskáld og lagasmiður af guðs náð. Eftir hann liggja tíu óperur og er *Jevgeníj Onegin* sem byggir á sögu Púshkíns sú sem oftast er flutt. Í sögunni hrifst dreymin sveitastúlka (Tatjana) af lífsleiðum manni úr stórborginni (Onegin) og tjáir honum ást sína í bréfi. Hann vísar henni frá sér en nokkrum árum síðar liggja leiðir þeirra saman á ný. Þá kviknar ástin hans megin



Amy Beach

en hún hefur nælt sér í prins fyrir eiginmann og víkur ekki frá honum þótt hún elski Onegín enn. Í óperunni hljóma pólónesur og valsar í híbýlum aðalsins og er valsinn sem við heyrum á þessum tónleikum þekktastur þeirra. Hann er um margt ólíkur Vínarvölsunum sem eru syrpur af nokkrum völsum með inngangi og niðurlagi sem byggir á brotum úr völsunum. **Valsinn úr Jevgeníj Onegín** er í eins konar rondóformi þar sem aðalvalsinn hljómar aftur og aftur innan um hina valsana.

Rudolf Siczzyński (1879–1952) var Austurríkismaður af pólskum ættum. Hann samdi allmörg angurvær Vínarljóð en skrifaði nafn sitt í sögubækurnar með því fyrsta, **Wien, du Stadt meiner Träume** (*Vín, borg drauma minna*) op. 1 frá árinu 1914. Garðar Thór og Sinfóníuhljómsveitin sameinast í flutningi á þessum fagra óði til hinar fornu tónlistarborgar við Dóná.

Austurríkismaðurinn Nico Dostal (1895–1981) starfaði á ferli sínum víðsvegar um heimalandið. Hann samdi 24 óperettur og var einnig mikilvirkt kvikmyndatónskáld. Jóna syngur aríuna **Spiel mir das Lied von Glück und Treu** (*Flyt mér óðinn um hamingju og traust*) sem er úr óperettu Dostals *Ungverska brúðkaupinu* frá árinu 1939.

Amy Marcy Cheney Beach (1867–1944) var bandarískt tónskáld og píanóleikari. Hún var fyrst kvenna í heimalandi sínu sem nau virðingar fyrir störf sín. Þekktasta verk hennar er „gelíska“ símfónían (*Gaelic Symphony*) þar sem efniviðurinn er sóttur í írsk þjóðlög. Var símfónían frumflutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Boston árið 1896 og er fyrsta símfónían eftir bandaríska konu sem birtist á prenti.

Átján ára gömul giftist Amy auðugum lækni sem líkt og eiginmaður Mélanie Bonis var um það bil aldarfjórðungi eldri en hún. Hann meinaði henni að halda opinbera tónleika þótt hún væri mjög fær píanisti en hafði ekkert við það að athuga að hún sæti heima við tónsmíðar. Hún dvaldi fjögur ár í Evrópu eftir lát eiginmanns síns árið 1910 og hélt fjölda tónleika. Flutti hún meðal annars píanókonsert sinn með hljómsveitum í Leipzig, Hamborg og Berlín.

Amy Beach samdi um ævina kórverk, kammertónlist, píanótónlist, sönglög og fimm hljómsveitarverk og er **Bal masque** (Grímudansleikur) eitt þeirra.

Óperettan *Sígaunabaróninn* var frumflutt í Theater an der Wien í október 1885. Hún gerist í Ungverjalandi og Vínarborg og fjallar um samskipti sígauna við svínabónda nokkurn og hans fólk, ástir þeirra og örlög. Aðalpersónur óperettunnar Sándor Barinkay og sígaunastúlkan Saffi eru ákaflega ástfangin og í dúettinum **Wer uns getraut** í 2. þætti óperettunnar syngja þau

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Fuglasalinn hefur aldrei verið sett upp í heild sinni á Íslandi en atriði úr verkinu hafa ratað inn á ýmsar samkomur í gegnum tíðina. Í Morgunblaðinu 15. janúar 1961 gaf að líta eftirfarandi auglýsingur: Skemmtifundur kvennadeildar Slysavarnarfélagssins í Reykjavík verður mánudaginn 16. jan. kl. 8,30 í Sjálfstæðishúsinu. — Þar skemmta frúnar: Emelía Jónasdóttir og Áróra Halldórsdóttir. Kvennakórinn syngur undir stjórn Herberts Hriberschek. — Óperettan Fuglasalinn eftir Karlzellir. Einsöngvarar: Frú Snæbjörg Snæbjarnardóttir og Vincenzo María Demetz. Við hljóðfærið Skúli Halldórsson. Dans — Fjölmennið Stjörnin.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Óperettan Sígaunabaróninn eftir Johann Strauss var frumflutt á Íslandi í Þjóðleikhúsinu 25. maí 1961 og sýnd fyrir fullu húsi út leikárið. Hljómsveitarstjóri var Bodhan Wodiczko en með aðalhlutverkin, Saffi og Sígaunabaróninn (Barinkay) fóru Christine von Widmann og Guðmundur Guðjónsson. Íslenska óperan valdi síðan verkið til sýningar við vígslu Gamla bíós sem óperuhúss í ársbyrjun 1982. Var Sígaunabaróninn sýndur fyrir fullu húsi fram á sumar og sáu óperettuna ríflega 23000 gestir á 49 sýningum. Þrír hljómsveitarstjórar komu að sýningunni - þeir Alexander Maschat, Robin Stapleton og Páll P. Pálsson en með aðalhlutverkin fóru Ólöf Kolbrún Harðardóttir og Garðar Cortes. Verkið hefur síðan verið flutt í smækkaðri útgáfu hérlendis - meðal annars í Borgarnesi í tilefni 40 ára afmælis Tónlistarskóla Borgarfjarðar vorið 2008.

um ímyndað hjónaband sitt. Síðar ljóstrar sígaunakerlingin Czipra því upp að Saffi sé ekki dóttir sín heldur göfug aðalsmæ. Barinkay telur sig hennar ekki verður og fer sem sjálfboðaliði í ríkjandi stríð. Í þriðja þætti er friður kominn á og hermennirnir snúa heim. Gleði ríkir og elskendurnir ná saman.

Þessi gamanópera Johanns Strauss náði strax miklum vinsældum og er á eftir *Leðurblökunni* hans vinsælasta sviðsverk.

Oft hefur verið sagt að valsasyrpan *An der schönen blauen Donau* eða *Dónárvalsinn* sé óopinber þjóðsöngur Austurríkismanna. Strauss samdi verkið árið 1866 fyrir Karlakór Vínarborgar (Wiener Männergesangsverein) sem hann stjórnaði um árabíl. Ári síðar klæddi Strauss syrpanna í þann búning sem við þekkjum í dag og var hún frumflutt á heimssýningunni í París 1867. Sama ár fór valsinn sigurför um víða veröld.

Sigurður Ingvi Snorrason



Á DÖFINNI

FOS **17** JAN 18:00



KAMMERTÓNLEIKAR Í FÖSTUDAGSRÖÐINNI RAKHMANÍNOV OG GUBAIDULINA

Á þrennum tónleikum á starfsárinu verður teft saman verkum tveggja rússneskra meistara: Sergej Rakhmanínov og Sofíu Gubaidulínu. Tónleikaröðin hefst með kammertónlist leikinni af hljóðfæraleikurum úr Símfóníuhljómsveit Íslands. Fluttar verða tvær perlur, píanótrío Rakhmanínovs og píanókvintett Gubaidulínu, sem báðar eru æskutónsmíðar en sýna glöggt hvílikar gáfur þau höfðu til brunns að bera. Sergej Rakhmanínov var eitt helsta tónskáld síðrómantíkur en Sofía Gubaidulina er eitt virtasta tónskáld samtímans. Tónleikar Föstudagsraðarinnar í Norðurljósum taka um klukkustund og eru fullkominn upptaktur að skemmtilegri helgi.

FIN **23** JAN 19:30



INKINEN STJÓRNAR BARTÓK

Breska tónskáldið Anna Clyne hefur vakið heimsathygli á síðustu árum fyrir tónlist sína. Hér hljómar sprellfjörugur og áheyrilegur forleikur sem hún samdi fyrir Proms-tónlistarhátíðina árið 2013. Víóluconsert Williams Walton frá árinu 1929 er lykilverk sinnar gerðar og festi höfundinn í sessi sem eitt helsta tónskáld Bretlandseyja. Konsert fyrir hljómsveit var eitt síðasta verkið sem Béla Bartók lauk við áður en hann lést árið 1945. Í konsertinum sýnir hann allar hliðar hljómsveitarinnar á glæsilegan hátt enda er þetta eitt dádasta hljómsveitarverk 20. aldar. Hljómsveitarstjóri er Pietari Inkinen.

FOS **21** FEB 19:30



MAHLER OG DEBUSSY

Glæsileg tónlist tengd hafinu og vorinu hljómar á þessum tónleikum undir stjórn finnska hljómsveitarstjórans Hannu Lintu. Hin franska Lili Boulanger lést aðeins 24 ára gömul árið 1918 en hafði þá þegar samið glæsileg tónverk, meðal annars hina ljúfu vorstemningu sem hljómar í upphafi tónleikanna. *Des Knaben Wunderhorn*, eða *Drengsins nægtahorn*, er heiti á safni þýskra þjóðkvæða sem Gustav Mahler sótti innblástur í þegar hann samdi samnefndan söngvabálk. Hafði er í forgrunni á síðari hluta tónleikanna og þar heyrast *Sjávarmyndir* Britzens og *La mer* eftir Debussy. Einsöngvari á tónleikunum er bandaríska mezzósópransöngkonan Michelle DeYoung.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

9., 10. OG 11. JANÚAR 2020

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Justyna Bidler
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Pascal La Rosa
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Greta Guðnadóttir
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Kristján Matthíasson
Ólöf Þorvarðsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Christian Diethard
Kristín Björg Ragnarsdóttir

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Łucja Koczot
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir

SELLÓ

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafncell Orri Egilsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

BASSI

Xun Yang
Páll Hannesson
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjann Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Stefano Flaibani
Einar Jónsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson

TÚBA

Mark Tetrault

HARPA

Katie Buckley

PIANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Svanhvit Hrólfssdóttir *fjármálastjóri*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótta*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júlía Aradóttir *fulltrúi*



**OPNUNARTÓNLEIKAR
LISTAHÁTÍÐAR 2020**

VÍKINGUR Í ELDBORG 6. OG 7. JÚNÍ



- TRYGGIÐ YKKUR MIÐA -